

## 2.6.6 Skólasóknarreglur Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra

Nemendur skulu sækja allar kennslustundir samkvæmt stundatöflu sinni og koma stundvíslega til kennslu.

### 2.6.6.1 Eftirfarandi reglur gilda um skráningu fjarvista, viðurlög við þeim og einkunn fyrir skólasókn:

1. Ef nemandi er fjarverandi úr kennslustund eða mætir eftir að fjórðungur kennslustundar er liðinn skrifar kennari F í kladda. Komi nemandi of seint, en þó áður en fjórðungur kennslustundar er liðinn, skrifar kennari S. Sambærilegar reglur gilda yfirgefi nemandi kennslustund áður en henni er lokið. Tvö S jafngilda einu F.
2. Ef annað er ekki tekið sérstaklega fram í kennsluáætlun jafngildir það úrsögn úr áfanga ef fjarvistir í honum eru fleiri en sem svarar kennslu í eina og hálfu viku.
3. Veikindi og önnur forföll skal tilkynna samdægurs. Nemanda eða forráðamanni ber að tilkynna forföll á milli kl. 07:50 og 09:00 að morgni hvers veikindadags. Tekið er við tilkynningum um forföll í síma 455-8000. Sé nemandi yngri en 18 ára skulu forföll staðfest af forráðamanni. Skólameistari getur krafist þess að veikindi séu staðfest af lækni.
4. Ef nemandi gerir grein fyrir öllum veikindaforföllum í samræmi við 3. grein hér að ofan þá fer skólasóknareinkunn viðkomandi ekki niður fyrir 7, sé ekki um aðrar óútskýrðar fjarvistir að ræða (veikindi eru dregin frá upp að 93%).
5. Einkunn er gefin fyrir skólasókn og birtist hún í námsferli nemenda og á brautskráningarskírteini. Skólasóknareinkunn ræðst af skólasókn samkvæmt meðfylgjandi töflu. Nemandi í fullu námi (24 kennslustundum eða meira) sem nær 9 eða 10 í skólasóknareinkunn fær 1 einingu sem er færð inn á námsferil hans í lok annar. Nemandi getur fengið að hámarki 8 einingar fyrir skólasókn.

#### Tafla yfir skólasóknareinkunn:

Frá 98% upp í 100% gefur einkunnina 10.  
Frá 96% upp að 98% gefur einkunnina 9.  
Frá 94% upp að 96% gefur einkunnina 8.  
Frá 92% upp að 94% gefur einkunnina 7.  
Frá 90% upp að 92% gefur einkunnina 6.  
Frá 88% upp að 90% gefur einkunnina 5.  
Frá 86% upp að 88% gefur einkunnina 4.  
Frá 84% upp að 86% gefur einkunnina 3.  
Frá 82% upp að 84% gefur einkunnina 2.  
Skólasókn undir 82% gefur einkunnina 1.

Sé skólasóknareinkunn lægri en 5 á nemandi ekki vísa skólavist á næstu önn.

### 2.6.6.2 Reglur um niðurfellingu fjarvista af öðrum ástæðum en veikindum

Skólaráð getur heimilað að fjarvistir séu felldar niður að fullu eða nokkru leyti þegar nemendur hafa verið fjarverandi í eftirfarandi tilvikum:

1. Vegna námsferða á vegum skólans (skipulagðar af FNV).
2. Vegna tiltekinna starfa í stjórn nemendafélags FNV að fengnu leyfi skólastjórnenda.
3. Vegna keppnisferða á vegum skólans.
4. Vegna vinnu við undirbúning og framkvæmd stórviðburða á vegum nemendafélags FNV að undanfengnu leyfi skólastjórnenda.
5. Vegna þátttöku í eða undirbúnings fyrir íþróttakeppni á vegum landsliðs eða íþróttafélags. Liggja þarf fyrir staðfesting á slíkri þátttöku frá viðkomandi sérsambandi eða íþróttafélagi.
6. Vegna ófærðar eða annarra óviðráðanlegra tilvika, enda geti nemandi skýrt og staðfest þá töf sem hann varð fyrir.
7. Vegna útfarar nákomins ættingja eða vinar.
8. Vegna veikinda barns sem nemandi á eða hefur á framfæri.
9. Ferð til læknis eða tannlæknis staðfest af viðkomandi lækni. Læknisferðir utan Sauðárkróks skulu sérstaklega tilgreindar og þá þann tíma sem það tekur.
10. Þegar rökstudd umsókn um leyfi vegna brýnna erinda liggur fyrir frá nemanda eða forráðamönnum hans.

### 2.6.6.3 Reglur um frávik frá skólasóknarreglu

Nemendur geta sótt um frávik frá skólasóknarreglu í byrjun annar. Umsókn þarf að vera rökstudd. Um frávik frá skólasóknarreglu gildir:

1. Að jafnaði skal við það miðað að nemandi, sem fær frávik frá skólasóknarreglu, sé orðinn 20 ára eða eldri, hafi stundað nám með góðum árangri og tilgreini í umsókn sinni ástæður þess að hann geti ekki haldið áfram námi án þess að sleppa einhverjum kennslustundum.
2. Nemendur sem hafa fengið samþykkt frávik frá skólasóknarreglu geta þurft að mæta í allar kennslustundir í sumum áföngum ( einkum í verklegum og próflausum ) sem ekki er hægt að ljúka nema með reglulegri tímasókn.
3. Skólinn gerir þá kröfu að nemandi með frávik frá skólasóknarreglu geti sótt allverulegan hluta kennslustunda. Nemandinn á ekki rétt á kennslu eða leiðsögn utan kennslustunda umfram aðra nemendur.
4. Nemendur geta ekki stundað nám í fornámsáföngum með frávik frá skólasóknarreglu.
5. Hafi nemandi fallið í einhverjum áföngum á síðustu önn sinni í skóla getur hann ekki fengið frávik frá skólasóknarreglu í fleiri einingum en hann lauk með fullnægjandi árangri á þeirri önn.
6. Endurnýja þarf umsókn um frávik frá skólasóknarreglu í upphafi hvernar annar. Það gerir nemandi með því að fylla út eyðublað sem fæst á skrifstofu skólans. Umsóknin er afgreidd í samráði við fagstjóra og kennara í lok annarrar kennsluviku.
7. Þess er vænst að nemendur í fullu námi hafi samráð við skólastjórnendur eða námsráðgjafa áður en umsókn þeirra um frávik frá skólasóknarreglu er afgreidd.
8. Nemandi með frávik frá skólasóknarreglu fær hvorki skólasóknareinkunn né einingar fyrir skólasókn (skráð er U í stað einkunnar í námsferil).

### 2.6.6.4 Hámarksfjöldi fjarvista í áföngum:

Í einnar einingar áfanga: Tvö skipti fjarverandi eða 4 kennslustundir(4x40 mín) = 8 stig (87%).  
Í tveggja eininga áfanga sem kenndur er 4 kennslustundir á viku: Þrjú skipti fjarverandi eða 6 kennslustundir (6x40 mín) = 12 stig (90%).

Í tveggja eininga áfanga sem kenndur er 6 kennslustundir á viku: Fjögur skipti fjarverandi

eða 8 kennslustundir (8x40 mín) = 16 stig (91%).

Í þriggja eininga áfanga: Fjögur skipti fjarverandi eða 8 kennslustundir (8x40 mín) = 16 stig (91%).

Komi nemandi tvisvar sinnum of seint jafngildir það einni fjarvist eða 2 stigum.

Skólinn minnir nemendur og /eða forráðamenn þeirra á að fylgjast vel með í Innu en þar koma allar skráningar fram á mætingum nemenda.

Sauðárkróki 19. desember 2011

Skólameistari.

## 2.6.7 Reglur um námsmat vor 2012

1. Önninni er skipt í tvo hluta þar sem vægi hvors hluta um sig getur verið á bilinu 30-60% af áfanganum og skal námsmat fara fram í hvorum hluta um sig.
2. Námsmati í fyrri hluta skal lokið með símati sem getur samanstðið af verkefnum, tímasókn og tímaprófum sem dreift er yfir fyrri hluta annar. Ekki er gert ráð fyrir prófdögum í lok fyrri hluta annar.
3. Námsmati í seinni hluta skal lokið með símati og/eða lokaprófi sem nær til námsefnis seinni hluta áfangans.
4. Einkunn á miðönn er lokaeinkunn úr skilgreindum hluta námsefnis eins og fram kemur í námsáætlun áfangans. Ekki er hægt að endurtaka þann hluta námsefnis.
5. Einkunn á miðönn er aldrei falleinkunn, nemendur geta haldið áfram í áfanganum þó að þeir nái ekki 4,5 úr námsefni fyrri hluta.
6. Sé vægi prófs 40% eða meira af heildareinkunn í áfanga þarf nemandi að fá prófseinkunn að lágmarki 4,5 til að standast áfangann. Sé prófseinkunn lægri en 4,5 gildir sú einkunn sem lokaeinkunn í áfanganum.
7. Sé vægi prófs minna en 40% af heildareinkunn í áfanga gildir prófseinkunn sem hlutfall af heildareinkunn án skilyrða um lágmarkseinkunn sem getið er í lið 6.
8. Í fyrstu kennslustund eftir að niðurstöður miðannarmats liggja fyrir skal kennari ræða einslega við hvern nemanda um stöðu hans.
9. Í lok annar er lagt fyrir 90 mínútna lokapróf fyrir bæði dagskólanemendur og fjarnemendur, enda sé ekki um próflausan símatsáfanga að ræða.
10. Aðeins nemendur með greiningu geta fengið lengri próftíma. Þeir þurfa að sækja sérstaklega um lengri próftíma hjá námsráðgjafa.
11. Þessar reglur skal kennari kynna nemendum sínum í upphafi annar og reglur um námsmat sem gilda um áfangann.

Skipulag þetta gildir frá upphafi vorannar 2012.

Sauðárkróki 22.12.2011

Skólameistari